Tæknifræðingar líka í yfirvinnubanni

TÆKNIFRÆÐINGAR heyja kjarabaráttu um þessar mundir og er yfirvinnubann einnig í gildi hjá þeim eins og verkfræðingum, sem Morgunblaðið skýrði frá í gær. Hafa tæknifræðingar haft samstöðu með verkfræðingum í kröfugerð, en yfirvinnubannið nær til allra tæknifræðinga, einnig þeirra, er starfa á vegum Reykjavíkurborgar, því að þar eru verkfræðingar hinir einu, sem hafa sérsamninga.

Sparilán Landsbankans

Í MORGUNBLAÐINU í gær, þar sem talað var um sparilán Landsbanka Íslands, urðu þau mistök, að sparilánin voru kennd við Seðlabankann. Í aðalbakanum í Reykjavík er alls búið að opna um 1500 bækur í sparilánum Landsbankans, en um allt land er alls búið að opna um 4000 bækur.

— Jarðýta

Framhald af bls. 32.

kaupa nógu stóra jarðýtu til þess að hrinda verkinu í framkvæmd og 40 tonna jarðýta var tilbúin á hafnarbakkanum í Reykjavík fyrir 6 vikum til flutnings út í Eyjar, þar sem verkefnin bíða. Er þessi ýta 40 tonn og önnur stærsta jarðýta á landinu, nýinnflutt frá Japan. Fyrirgreiðsla vegna kaupa á jarðýtunni er háð meðferð hjá Framkvæmdastofnun ríkisins, og stendur enn á afgreiðslu þessa brýna máls hjá Byggðasjóði. Ýtan bíður, athafnamennirnir, hraunjaðarinn og Byggðasjóður líka, en á honum stendur.

— Ljós 73

Framhald af bls. 2.

landi, mannlíf, atvinnu, hús, landslag og fleira, og nokkur hluti myndanna er frá Færeyjum.

Litskuggamyndir Gunnars Hannessonar í Kjarvalssalnum spanna ferðir hans um landið, loftleiðis og landleiðis. M.a. er myndaflokkur um Vatnajökul, hálendið og Reykjavík, en vélarnar, sem sýnt er í, voru sérstaklega fluttar til landsins fyrir þessa sýningu.

Kjarvalssalnum er skipt niður þannig, að fólk getur tyllt sér á 6 mismunandi staði og horft á myndir Gunnars, sem hann hefur valið úr 20 þús. litmyndum, en Gunnar er löngu orðinn heimskunnur fyrir myndir sínar frá Íslandi.

Þeir félagar í LJÓS 73 hafa lagt nótt við dag undanfarnar vikur til þess að koma þessari sýningu upp.

— Mótmæla

Framhald af bls. 2.

verðbólga eykst, og endar að lokum óhjákvæmilega með launastökki til leiðréttingar, en slíkar stökkbreytingar eru engum í hag. Heitir stjórn BHM á ríkisstjórnina að skoða mál þetta ofan í kjölinn og koma í veg fyrir, að óheillaskref verði stigið.

— Sögualdarbær

Framhald af bls. 32

flutningsmaður, Steinþór Gestsson og Guðlaugur Gíslason. Framsóknarþingmennirnir eru Ágúst Þorvaldsson og Björn Fr. Björnsson. Allir eru þessir þingmenn úr Suðurlandskjördæmi.

Vestmannaeyjar:

Atvinnufyrirtækin að fara í gang

Í Vestmanneyjum eru nú milli 16 og 1700 manns að staðaldri og er þetta nokkru fleira fólk en menn höfðu almennt þorað að vona að mundi halda til í Eyjum yfir veturinn, að því er Páll Zophaníasson bæjartæknifræðingur sagði í viðtali við Morgunblaðið í gær.

Páll kvað atvinnufyrirtækin í Eyjum smám saman vera að fara í gang. Vinnslustöðin er þegar farin að taka á móti fiski og Eyjaberg tilbúið til móttöku. Unnið er að því að búa Fiskiðjuna og Ísfélagið undir að taka á móti loðnu eftir áramótin, og kunna þessar stöðvar einnig að taka á móti fiski í salt. Þá eru fiskimjölsverksmiðjurnar þrjár farnar í gang.

Páll sagði ennfremur, að í bænum væri haldið áfram við hreinsunarstörf og ýmis önnur aðkallandi verkefni, sem ekki hefði verið hægt að anna til þessa. Nefndi Páll í því sambandi viðgerðir á götum bæjarins, varnsveituna og holræsagerð.

Hann kvað hins vegar eitt brýnasta verkefni vera undirbúningsvinnu fyrir nýtt íbúðahverfi vestast í bænum. Undanfarin ár hafa að meðaltali 35 hús verið reist í Vestmannaeyjakaupstað á ári, en ef vel ætti að vera kvað hann þau þurfa að vera tíu sinnum fleiri núna. Við hreinsun borgarinnar hefur vikrinum verið ekið til þessa svæðis og hann notaður í götur og lóðir, en á svæðinu er gert ráð fyrir 6-700 íbúðum — bæði einbýlishúsum og fjölbýlishúsum. Aftur á móti á eftir að sjá um rafmagns- og vatnsleiðslur á þetta svæði, svo og skolpræsi. Þá sagði Páll, að búið væri að finna báða enda vatnsleiðslanna til Eyja, og vatnsmál Vestmannaeyinga yrðu leyst með bráðabirgðabúnaði.

Eins kvað Páll sjúkrahúsið nú vera komið í notkun að hluta, læknirinn væri fluttur inn ásamt hjúkrunarkonu, en stefnt væri að því að fullgera sjúkrahúsið fyrir næsta sumar.

Fjölni fagnað á Þingeyri

Þingeyri 31. okt.

FJÖLNIR ÍS 177, 150 lesta bátur, kom til Þingeyrar kl. 16 í dag og var innilega fagnað af fjölda Dýrfirðinga. Við komu skipsins bauð oddviti Þingeyrarhrepps, Þórður Jónsson frá Múla, skip og skipshöfn velkomin til heimahafnar. Þá hafa tvö skip bætzt í skipastól Dýrfirðinga, en fyrir stuttu kom skuttogarinn Framnes V hingað. Íbúum Þingeyrarhrepps var síðan boðið til fagnaðar um borð.

Fjölnir var smíðaður í Slippstöð inni á Akureyri. Áætlað er, að báturinn fari á veiðar um næstu helgi og þá á línuveiðar, en í bátnum er norsk beitingavél, að sögn Magnúsar Amlín framkvæmdastjóra.

— Hulda.

Leiðrétting

Í BLAÐINU í gær misritaðist nafn Steingríms Gauts Kristjánssonar lögfræðings í frétt um vetrarstarf Norræna sumarháskólans. Biður blaðið velvirðingar á þessu.

— 3ja vikna námskeið

Framhald af bls. 3

máli væru nú undir viðbrögðum sjávarútvegsráðherra komnar. Þeir tóku þó fram, að þessum mótmælum nemenda væri ekki stefnt gegn Fiskmati ríkisins og kváðust vona, að þetta mál varpaði engum skugga á hið góða samstarf, sem verið hefði milli Fiskmatsins og Fiskvinnsluskólans.

— Breytingar

Framhald af bls. 1

með fyrsta konan í Svíþjóð, sem tekur við slíku starfi.

Þessar breytingar á stjórninni, sem Palme hefur nú greint frá eru þær mestu, sem gerðar hafa verið í einu á 41 árs stjórnarferli jafnaðarmanna, að sögn NTB-fréttastofunnar.

20 þús. gestir hjá Sverri

YFIR 20 þús. gestir sáu yfirlitssýningu Sverris Haraldssonar á Kjarvalsstöðum, en henni lauk um síðustu helgi. Er þetta með yfirgripsmestu einkasýningum íslenzks listamanns, en myndirnar á þessari sýningu spönnuðu feril listamannsins s.l. 30 ár.

— Hreinn sjór

Framhald af bls. 32

inga, er sá, að tengja allt kerfið og leiða það í sjó á þremur stöðum, þ.e. við Gróttu, í Laugarnesi og Geldinganesi, en þá yrði Laugarneslögnin jafnlögn Geldinganeslögninni, eða 300 metrar. Sú lausn er ódýrust, talin kosta 890 milljónir með einfaldri hreinsistöð. Og hún hefur þann kost fram yfir hinar, að hægt er að byrja á henni báðum megin í borginni og þarf ekki að gera nýja lögn gegnum miðbæinn. Er þessi lausn talin fullnægjandi, þægilegust og ódýrust í vinnslu. Heilbrigðisráð hefur fjallað um hana og samþykkt með því skilyrði, að hægt verði að setja mekaniska -biologiska hreinsum á útlögn frá Laugarnesi, ef með þarf síðar.

Allar þessar lausnir miða að því, að sjór verði svo hreinn, að nánast sé baðvatn allt í kringum borgina. Sagði borgarstjóri, að það væri álitamál, hverjar kröfur ætti að gera, en óvarlegt væri að gera nema ströngustu kröfur í þessu efni. Framtíðaríbúar Reykjavíkur myndu ætlast til þess af okkur. Einnig taldi hann, að óvarlegt væri að áætla minna en 15 ára framkvæmdatíma, þótt byrjað væri strax. Þá kemur spurningin um, hvar eigi að fá tekjustofna til þessara framkvæmda, og kvað borgarstjóri fróðlegt að fá að heyra, hvað borgararnir vildu á sig leggja til að gera þetta samkvæmt hæstu kröfum. Kæmu þar til ýmsir fjármögnunarmöguleikar, svo sem að taka fé til þessa af framkvæmdafé borgarinnar, sem yrði erfitt og kæmi niður á öðrum framkvæmdum, vatnsskattur gæti komið þar til, en það þýddi hækkun hans, sérstakt holræsagjald mega sveitarstjórnir leggja á, sem miðast þá við hluta af fasteignamati. En um viðhorf borgarbúa til slíks væri gagnlegt að vita og því væru þessar tillögur og úrlausnir kynntar almenningi nú.

Borgarstjóri sagði, að nauðsynlegt væri að taka ákvörðun um valkosti áður en fjárhagsáætlun er gerð fyrir 1974, því við það miðast margar framkvæmdir. Nefndi hann þar sem dæmi Skúlagötuna. Lagnir þar yrðu að halla í austur eða vestur eftir því, hvort leiða á allt skolp út frá Gróttu eða bæði frá Gróttu og Geldinganesi eða líka frá Laugarnesi.

— Sadat setur kosti

Framhald af bls. 1

hefðu reynt að neyða Arabalöndin til uppgjafar, og kjarninn í öllum ágreiningnum lægi í samkeppni stórveldanna um yfirráð í þessum heimshluta. Ráðherrann sagði þetta í veizlu, sem haldin var til heiðurs forsætisráðherra Ástralíu, Gough Whitlam.

Sovézki sendiherrann í Peking sýndi engin svipbrigði meðan Chou hellti þannig úr skálum reiði sinnar og vandlætingar, segir NTB-fréttastofan.

Engar vegaskemmdir vegna flóðsins

MINNA varð úr vatnavöxtum í Hvítá í Borgarfirði en menn höfðu óttazt. Að vísu flæddi algjörlega yfir veginn hjá Hvítárvöllum og við Ferjubakkasíkin á flóðinu í fyrrakvöld, en flóðið í ánni rénaði strax með útfalli. Urðu engar teljandi vegaskemmdir af völdum flóðsins í Hvítá, að sögn vegaeftirlitsmanna.

— Títanbræðsla

Framhald af bls. 32

tonna verksmiðja hentugust, en hagkvæmust yrði samt 200 þúsund tonna verksmiðja. 100 þúsund tonna verksmiðja þyrfti 209 starfsmenn og myndi nota 42 megawött. Magnús Kjartansson sagði, að sá svarti sandur, sem hér fyndist í miklu magni, innihéldi mikið magn af títan og járni, en ekki væri unnt að vinna hann með neinum þekktum aðferðum vegna ákveðinnar kristöllunar í sandinum. Í Gambiu eru hins vegar miklar sandnámur með vinnanlegum sandi, og eins og markaðsástæður eru nú, er talið hagkvæmt að flytja hráefnið eða sandinn, að vísu eftir hreinsun, til Íslands og síðan títangjall aftur út. Jafnframt sagði Magnús, að stálbræðsla, sem fyrirhugað væri að reisa til þess að vinna úr brotajárni hér heima, gæti hugsanlega notið góðs af járnframleiðslu þessa fyrirtækis.

Magnús Kjartansson sagði, að í upphafi viðræðna í Vínarborg milli hans og fulltrúa Gambiu í haust, hefði fyrst gætt tortryggni um að Íslendingar ætluðu að hagnast meir á þessari samvinnu en Gambiumenn. Magnús sagðist hafa tekið það skýrt fram, að Íslendingar ætluðust ekki til samvinnu nema á jafnréttisgrundvelli, og sagði hann, að þetta væri í fyrsta sinn, sem til slíkrar samvinnu væri stofnað við Afríkuríki og byndu menn hjá Sameinuðu þjóðunum miklar vonir við þetta fordæmi. Gambiumenn og Íslendingar myndu sameiginlega vinna að markaðsmálum fyrir afurðir þessarar verksmiðju.

Magnús Kjartansson var spurður um hugsanlega staðsetningu þessarar verksmiðju og nefndi hann sérstaklega Norðurland, þar sem orkufrekan iðnað þyrfti við hlið stórvirkjunar eins og Dettifossvirkjunar. Næsta skrefið, eftir að viljayfirlýsingin hefði verið undirrituð, væri svo að láta fara fram gagngera hagkvæmnisrannsókn á fyrirtækinu, þar sem könnun Alexandrows var aðeins forkönnun. Vitað væri, að gæði Gambiusandsins væru mikil, en kanna þyrfti nánar t.d. í hve miklu magni hann væri til.

Títan er eitt frumefnanna. Það er léttur málmur með mikið tæringarþol. Er það m.a. notað í flugvélar, en aðalkaupandi títans er málningariðnaðurinn og fer mikið magn í gerð svokallaðrar títanhvítu. Áætlaður kostnaður við gerð slíkrar verksmiðju er tæplega 28 milljónir dollara, og er þá miðað við 100 þúsund tonna verksmiðju. Er það jafnvirði 2.352 milljóna króna. Verð á hverju tonni af títangjalli á heimsmarkaði í dag er 86 dollarar eða 7.224 krónur. 100 þúsund tonna verksmiðja þarf 200 þúsund tonn af sandi á ári.

— Tíminn sakar

Framhald af bls. 2.

öryggismálum. Þannig segir um utanríkismál: „Ríkisstjórnin framkvæmi loforð sitt um brottför hersins á kjörtímabilinu. Vara ber við nýjum varnarsamningi, sem einungis fæli í sér nafnbreytingu á herstöðinni og nýja borgaralega búninga fyrir hina hernaðarlega menntuðu starfskrafta. Aðild Íslands að Atlandshafsbandalaginu verði tekin til endurskoðunar."

Í framkvæmdanefnd Möðruvallahreyfingarinnar eru eftirtaldir 8 menn, sem allir eiga sæti í miðstjórn Framsóknarflokksins: „Arnór Karlsson fyrrv. formaður kjördæmissambands Framsóknarflokksins á Suðurlandi, Elías S. Jónsson blaðamaður á Tímanum og formaður SUF., Eyjólfur Eysteinsson formaður Framsóknarfélags Keflavíkur, Friðgeir Björnsson fyrrv. framkvæmdastjóri þingflokks Framsóknarflokksins, Hákon Hákonarson, Akureyri, Kristján Ingólfsson varaþingmaður á Austurlandi, Magnús Gíslason varaþingmaður í kjördæmi Ólafs Jóhannessonar og Ólafur Ragnar Grímsson prófessor.

— Minning

Framhald af bls. 23.

komið svo í Hverfið eða lyfjum þurft að koma þangað, að Þorsteinn annaðist ekki þá flutninga. Þessar ferðir hans urðu því ærið margar og stundum í misjafnri færð og misjöfnu veðri. Komu hestar hans þá oft í góðar þarfir og reyndust honum vel. Segir sig sjálft, að oft hefur vinnudagurinn orðið ærið langur, er bústörfin heima biðu eftir, að húsbóndinn kæmi heim.

Mér er það líka vel kunnugt, að nágrannar Þorsteins í Vetleifsholtshverfinu minnast hans með þakklátum huga.

Þorsteinn hafði mikla ánægju af heimsóknum vina og kunningja, enda var hann með afbrigðum gestrisinn. Var hann ræðinn við gesti sína, hafði sérstakan áhuga fyrir þjóðlegum fróðleik og var sjálfur fróður um þá hluti. Hann var líka gæddur þeim hæfileika í ríkum mæli að koma auga á skoplegar hliðar tilverunnar og færa í þann búning, að viðmælendur hans höfðu ánægju af.

Árið 1915 kvæntist Þorsteinn eftirlifandi eiginkonu sinni, Guðrúnu Pálsdóttur, Jónssonar, bónda í Bakkakoti og Salvarar Jensdóttur, konu hans. Eignuðust þau 12 börn og komust 9 þeirra til fullorðins ára. Þá átti Þorsteinn 3 börn með Guðríði Bjarnadóttur. Öll eru börn Þorsteins manndómsfólk.

Guðrún er einstök mannkostakona að allri gerð. Reyndist hún Þorsteini traustur förunautur. Óskipta aðdáun allra, sem til þekkja, vekur, hvernig hún annaðist Þorstein í löngu veikindastríði hans, háöldruð og oft sárlasin.

Þorsteinn var ekki ríkur af veraldarauði. Heimili þeirra hjóna var stórt og vafalaust ekki alltaf úr of miklu að spila. Haglveður lífsins fóru heldur ekki fram hjá honum. En hann var ríkur af góðum vilja til að veita þeim hjálparhönd, sem hjálparvana voru. Hann var ríkur af samúð með þeim, sem við veikindi og erfiðleika áttu að stríða, og hann var ríkur af áhuga á því að verða öðrum til gleði, enda tók hann sjálfur á móti gleðinni, þegar hún leitaði fundar við hann.

Löngu æviskeiði er lokið, langt dauðastríð á enda.

Samferðamenn Þorsteins þakka honum samfylgdina í þessum heimi og óska honum fararheilla Guðs í geim.

Guðrúnu, börnunum og öðrum vandamönnum votta ég samúð.

Jón Þorgilsson.